

Ég geri athugasemd við þingsályktunartillögu um að draga til baka umsókn Íslands um aðild að Evrópusambandinu. Þingskjal 635 – 340. mál.

Mér finnst alveg nóg að gert að hlé hafi verið gert á þessum viðræðum. Ég er ekki sannfærð um að ég vilji aðild að Evrópusambandinu og því síður að okkur á Íslandi sé betur borgið utan þess. Þetta er kostur sem ég vil vega og meta eftir að samningur um þessa aðild liggur fyrir. Ég vil að tekin sé lýðræðisleg ákvörðun um þetta mál með þjóðaratkvæðagreiðslu.

Eins og málin standa nú væri eðlilegast að kosið yrði um framhald aðildarviðræðna í sveitarstjórnarkosningum á næstunni. Sé það ekki kostur styð ég málamiðlunartillögu VG um að gera formlegt hlé á viðræðunum og kjósa svo um framhald viðræðna í lok kjörtímabilsins.

Það var nægur gerningur fyrir núverandi ríkisstjórn að gera hlé á viðræðunum og vera þannig trú málstað sínum. Að slíta viðræðunum er gerræðisleg ákvörðun og aðför lýðræðinu.

Ég vil fá að kjósa um framhald viðræðna.

7.mars 2014

Dögg Árnadóttir